

sem veitt er konungi, öðlast þegar í stað gildi; að öðru leyti 1873.
 öðlast lög þessi gildi á þann hátt, sem þau nákvæmar ákveða, 25. septbr.
 um leið og auglýsing gengur út um það að samningur, sem
 gjörður er við Svíaríki samkvæmt 24. gr., sè staðfestur. Þegar
 Norvegur kann að ganga að samningnum, verður það birt með
 tilskipun.

Eptir þessu eiga allir hlutadeigendur sèr að hegða.

Gefið á Amaliuhöll, 23. dag maím. 1873.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Fr. Krieger.

Þetta skal hërmeð kunnngjört öllum þeim, sem hlut eiga að
 máli, að því við bættu, að stjórnarráðið hefir 26. júní þ. á.
 gefið út auglýsingu um, að samningur, sem gjörður var 27. maí
 þ. á. við Svíaríki samkvæmt 24. gr. í peningalögunum, er stað-
 festur 21. júní s. á.

Í fjárhagsstjórninni, 25. dag septbrm. 1873.

Fr. Krieger.

Lange.

81. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans 26. septbr.
yfir Íslandi, um breytingar á auglýsing 3. maí
1872, um póstmál á Íslandi.

Um leið og þær, herra landshöfðingi, með bræfi hafið
 sent hingað skýrslur þær, sem með þurfa, um kostnað þann
 við póststjórn á Íslandi, sem búast má við á árinu 1874,
 hafið þær eptir undirlagi póstmeistarans í Reykjavík af tilgreind-
 um ástæðum stungið uppá nokkrum breytingum á því, sem fyrir
 er mælt í auglýsing um póstmál á Íslandi 3. maí f. á., 2. 7. og
 8. gr., um stofnun póstaðgreiðslustaða og bréfhirðingarstaða þar

1873.
26. septbr.

og laun hlutaðeigandi pósthjóna, og eru breytingar þessar þær, sem hér skulu taldar:

1. að stofnaður verði nýr brèfhirðingarstaður í Borgarfjarðarsýslu, milli Saurbæjar og Hjarðarholts, á Hesti, og skuli laun brèfhirðingarmannsins vera 7 rd. 48 sk.

2. að brèfhirðingarstaddirnir í Hvammi (í Mýrasýslu), á Þór-oddstöðum, Hjaltabakka, Höskldstöðum, Viðvík, Hjaltastöðum, Hálsi (í Fnjóskadal) og Hjarðarholti (í Dalasýslu) skuli lagðir niður.

3. að stofnaður verði póstafgreiðslustaður á Hraungerði í Árnessýslu í stað þess sem þar var áður brèfhirðingarstaður, og skuli árleg laun póstafgreiðslumannsins vera 15 rd.;

4. að laun póstafgreiðslumanna á þeim stöðum, sem nú skulu taldir, verði hækkuð, eins og hér segir:

- | | |
|----|--------------------------------------|
| a. | í Stykkishólmi frá 35 rd. til 40 rd. |
| b. | á Akureyri — 35 — — 40 — |
| c. | á Miklabæ — 15 — — 20 — |
| d. | í Hjarðarholti — 15 — — 25 — |

5. að póstafgreiðslustaðurinn á Velli verði fluttur þaðan til Breiðabólstaðar í Fljótshlíð, og póstafgreiðslustaðurinn á Grenjaðarstað til Helgastaða, og

6. að nýr brèfhirðingarstaður verði stofnaður á Hvoli í Saurbæjarhrepp í Dalasýslu, í stað þess sem áður var brèfhirðingarstaður í Hjarðarholti í tæðri sýslu, með 7 rd. 48 sk. launum.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér gjörð þær ráðstafanir, sem með þarf, að stjórnarráðið fellst á uppástungur yðar, og mælumst vèr til, að þér annist um, að þetta verði birt almenningi á Íslandi.

21. oktbr.

82. Bréf dómsmálastjórnarinnar til utanrikisstjórnarinnar, um yfingang frakkneskra fiskimanna.

Af meðfylgjandi tveimur brèfum með fylgiskjölum frá lands-